

Föstudaginn 2. október 1998.

Nr. 400/1998.

**Lögreglustjórinn í Reykjavík**

(Egill Stephensen saksóknari)

gegn

**Guðmundi Þór Pálssyni**

(Ómar Stefánsson hdl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald, a-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 28. september 1998, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 29. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 25. september 1998, þar sem varnaraðila var gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til föstudagsins 16. október nk. kl. 16. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldi verði markaður skemmri tími.

Sóknaraðili krefst þess, að úrskurður héraðsdóms verði staðfestur.

Fallist verður á með héraðsdómi, að fullnægt sé skilyrðum a-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 til gæsluvarðhalds yfir varnaraðila. Verður hinn kærði úrskurður því staðfestur, en þó þannig, að varnaraðila verður ekki gert að sæta gæsluvarðhaldi lengur en til föstudagsins 9. október 1998 kl. 16.

### **D ó m s o r ð:**

Varnaraðili, Guðmundur Þór Pálsson, sæti gæsluvarðhaldi allt til föstudagsins 9. október 1998 kl. 16.

### **Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 25. september 1998.**

Lögreglustjórinn í Reykjavík hefur krafist þess með vísan til a-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, að Guðmundi Þór Pálssyni, kt. 310878-3409, verði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til föstudagsins 16. október nk. kl. 16.00.

Málavextir eru þeir, að sl. nótt var lögreglan kvödd að veitingastaðnum

Amsterdam vegna líkamsárásar. Á vettvangi var Hörður Eggertsson, sem fluttur var á slysadeild, og reyndist hann hafa alvarlega höfuðáverka og bar þess merki skv. læknisvottorði að hafa fengið þungt höfuðhögg vinstra megin og líklega höfuðkúpubrot og blæðingu inn í höfuðkúpu. Í niðurlagi læknisvottorðsins segir, að Hörður hefði látist af áverkunum, hefði hann komið síðar undir læknishendur.

Guðmundur Þór Pálsson hefur greint svo frá fyrir dómi, að hann hafi verið í miðborginni sl. nótt ásamt Hafþóri Smára Sigmundssyni og fleirum. Við Ingólfstorg hafi þeir hitt Hörð Eggertsson, og eftir nokkrar orðahnippingar milli kunningja Harðar og Gunnars Ingvarssonar kom að því, að Hörður kýlði Guðmund Þór. Hefði hann þá gengið að Herði, tekið í hann og gengið með hann eitt til tvö skref áfram, uns Hörður féll yfir grindverk við Veltusund. Eftir það hafi Guðmundur Þór og Hafþór Smári sparkað í Hörð liggjandi, eitt spark hvor.

Vitni hafa borið hjá lögreglu, að Guðmundur Þór Pálsson og Hafþór Smári Sigmundsson hafi í sameiningu veist að Herði Eggertssyni liggjandi.

Verið er að rannsaka ætlað brot Guðmundar Þórs Pálssonar gegn 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga, en sök, ef sönnuð þætti, getur varðað þungri fangelsisrefsingu.

Rannsókn málsins er á algjöru frumstigi, og eftir er að yfirheyra Guðmund Þór mun ýtarlegar svo og hugsanleg vitni og/eða samseka.

Með vísan til ofanritaðs þykir ljóst, að Guðmundur Þór geti torveldað rannsókn málsins, gangi hann laus, og er því rétt að verða við fram kominni gæsluvarðhaldskröfu lögreglu með vísan til a-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991. Þykir gæsluvarðhaldstími hæfilega afmarkaður allt til kl. 16.00 föstudaginn 16. október nk.

Guðjón St. Marteinson héraðsdómari kvað upp úrskurðinn.

#### Ú r s k u r ð a r o r ð:

Guðmundur Þór Pálsson, kt. 310878-3409, sæti gæsluvarðhaldi allt til föstudagsins 16. október nk. kl. 16.00.